Ufsinn

4. Hæ.

„Vísirinn"

Lestrarfélagsblað í Miklabæjarsókn

4. blað.

II. árgangur.

Ökrum 5. jan. 1900.

ritst. Gísli Björnsson

# „Vonin."

Það var um kveld er hann Jón á Stað hafði dregið sig úr solli meðbræðra sinna, til að geta notið næðis um nokkra stund. „En opt er í holti heyrandi nær," og svo varð og einnig í þetta sinn og hefur mér því borist til eyrna, nokkur hluti úr æfi þessa manns, sem einmitt var nú að nokkru leyti staddur á vegamótum lífs síns.

Já Jón var enn þá á unga aldri og því lítt kunnur heiminum, en sú litla þekking er honum hafði hlotnast, var einungis hin bjarta hlið lífsins, sem svo

margir óska eptir að þekkja sem lengst. En optast bíður heimurinn frá að standa og býður einstaklingnum fyr eður síðar, að sjá einnig hina dökku hlið lífsins, og því hefir farið fyrir allflestum eins og Jóni: að fá að kynnast svörtu hlið inni einhvern tíma á hinni villu gjörnu vegferð mannsins gegnum heiminn.

Eins og þegar er sagt hafði Jón dregið sig úr hávaða heimsins og gekk því einn í hinni þöglu kveldkyrð, sem bað hann nú velkominn og vildi þegar gefa honum dálítið tækifæri, til að reyna að gjöra sér dálitla grein, fyrir hvað lífið í sjálfu sér annars er

Þegar nú Jón hugði sig svo
langt frá manna vegum, að
hér myndi næði, gat hann nú
eigi lengur dulið sínar óþreyju
fullu hugsun. Hann varpaði sér til
jarðar og hóf þegar ræðu sína
á þessa leið:
Ó! þú von, þú mikla von, hví
hefur þú gjört mér lífið þungt, og
svo mjög blindað sálu mína og
þar með gjört mig andlega vesaling
sem ávallt hef treyst þér. Ég er
aðeins 20 ára og mínir æskuvinir
eru hvervetna að sína við mér
bakinu og geta ekki lengur viður
kennt mig sem fyrverandi leikbróður
sinn, sem ásamt þeim hafi lifað
í von um vaxandi þekking á hinum
hverk vísa heimi. Allt er hverfult
ekkis að venka nema þrauta

sem sífellt kúga og undiroka
Ég hlýt að leita gæfunnar einhver
staðar á öðrum stað, en hér heima
í þessum dal sem ég þó elska
svo mjög. Ó! þú grund og hlíð
sem ég frá barnæsku hefi heitið
að halda tryggð við og heitið að leggja
fram mína litlu krapta fyrir, til þess
ef hægt væri að auka fegurð ykkar
með því að leitast við, að ryðja úr
vegi hinum smæðstu steinum, sem
gætu orðið til að skyggja á skraut
ykkar. Ég verð að yfirgefa ykkur
ekki einungis í bráð, nei bæði í
bráð og lengd. Far vel æskustöð, far
vel feðranna farsæla láð.
Hér varð Jón að að nema staðar
því fleiri orð gátu eigi komist
út af vörum hans, raddböndin
höfðu þegar misst mátt sinn og bænaði

því að halda áfram, hann varð
því að nema staðar við það sem
komið var.

Jón stóð upp og gekk þangað
sem hann hafði skilið við félagsbræður
sína og jafn skjótt og þeir litu hann
hrópuðu þeir hástöfum, kom þú
Jónki og vertu með við öllum að
skemmta okkur í kvöld.

En nú varð fremur fátt um
kveðjur. Jón hélt rakleiðis til svefn
herbergis síns og lagðist brátt í hvílu
því inn þarfnaðist bæði líkami og
sál hvíldar og næðis. Hann sofnaði
fljótt og sveif þegar á braut með
hinni yndælu draumagyðju, sem
færði hann brátt yfir lög og láð
án þess að staldra hið minsta við
fyr en hann nam staðar í einhverju
því þorpi, sem hann alls ekki kann

aðist við; eða gat gjört sér neina
grein fyrir hvar hann myndi í vera
legleikanum vera staddur, það var
áreiðanlega ekki heima á kalda hólm-
anum. (Íslandi) Hér var allt svo
vingjarnlegt, eins hið smæðsta sem hið
stærsta, sýndist taka þátt hvers í
annars kjörum til að gjöra starfsvið
einstaklingsins fært um að ná því
takmarki, sem hverjum og einum
ber að leysa. Í þessu hrökk
Jón upp af draumi sínum við dálítinn
hávaða, en minntist þá hans þá
brátt, sem hafði byggt svo fagurlega
loft kastala í hugskoti hans, en
sem allt í einu hrundu niður
til grunna.

Hreggviður.

# Upp á fjallið.

Sólin var komin upp fyrir svo sem klukku tíma, og var búin að þurka upp öll tár hinnar þögulu vornætur. Hvergi var skuggi því allt var upplýst af sólarljósinu. Jeg stóð undir afar háu fjalli og kunningi minn hjá mér.

Við höfðum ráðgjört að fara þennan dag uppá fjallið, en stönsuðum við rætur þess og virtum fyrir okkur þetta risavaxna takmark, sem við höfðum tekist á hendur að yfirbuga áður en kvöld kæmi; til þess að geta skemmt oss í síðustu geislum kvöldsólarinnar, við að horfa yfir þau héruð, sem það gnæfði yfir.

Við vorum rétt að leggja af stað þegar eg sá mann koma gangandi sunnan með hlíðinni. Þegar hann kom nær þekkti eg að það var hann Sigtryggur gamli í Garðshorni og hugði eg því að láta hann segja álit sitt um ferðina, því eg vissi að hann var gamall og hafði reynt margt. Þegar við höfðum heilsast og spurst almæltra tíðinda sagði eg honum frá fyrirætlan okkar og bað hann að segja álit sitt um hana. Karl þagði afar litla stund og sagði svo: „Jeg vil ráðleggja ykkur að hætta við að fara uppá fjallið, því bæði er leiðin löng og erfið og þið óharnaðir unglingar, sem ekki þola hita og þunga dagsins eins vel og þeir sem orðnir eru reyndir og vanir."

Eg eyndi honum fram á það hversu veðrið væri bjart og gott, en karl svar-aði þótt að veðrið sé nú bjart þá getur svo farið að versni með kvöldinu

og þið eigið ekki víst að dagurinn
verði allur eins, því ekki er lengi að
skipast veður í lopti og ef myrkrið
skellur yfir áður en þið náið tak-
markinu, þá er eg óviss um að þið
ratið til baka aptur, og þó þið kom-
ist nú ofan aptur, þá verið þið
þá búnir að eiða tímanum til ónýtis
og það er þó ekki lítils virði. Jeg vil
því ráðleggja ykkur að fara fyrst
uppá lága hálsinn þarna sunnan
undir fjallinu og ef þið sjáið þá
enga breyting á veðrinu þaðan, þá
getið þið haldið áfram ferð ykkar
en ef veðrið verður orðið ískyggilegt
þegar þið komið uppá hálsinn þá
ræð eg ykkur til að staðnæmast á
honum. Þar er fallegt og gott útsýni
þó það jafnist ekki við útsýnið af
háu fjallshnjúkunum. En betri er hálfur

skaði en allur." Jeg vildi ekki heyra
meira og tók í hönd félaga míns til,
að halda af stað en hann stóð kyr og
sagði: „Jeg vil fara að því eins og Sigtrygg
-ur sagði, því eg sé að krókurinn er lítill
en getur þó áunnist mikið við hann."
Jeg reiddist við félaga minn fyrir það
að treysta gömlum karli betur en mér
og sagði því með þjósti: „Það er best
þú farir eptir ráðum Sigtryggs, fyrst
þér þykja þau heilla vænlegri en mín
ráð, en eg held áfram og læt ekki sér
visku romsu úr gömlum karlfauski
kefja niður fyrir áætlanir mínar." Að svo
mæltu sleppti eg hönd félaga míns og
hljóp af stað upp fjallshlíðina, en
bráðum varð hún svo brött að eg varð
að hægja á mér, en gekk þó liðugt.
Þannig gekk eg á aðgiska í klukkutíma
hvíldarlaust. Sólar hitinn var sterkur

svo ég setti mig niður til að hvíla
mig og leit ofaní hlíðina þar sem
félagi minn ætlaði upp, hann var
kominn spotta korn uppí hlíðina og
hélt áfram hægt og rólega. Mér var
nú runnin reiðin við hann, en þá
vildi ég verða fljótari uppá fjallið
til þess að geta hæðað hann fyrir
vitleysuna. Ég hélt því af stað aptur
en mikið hægra, því ég sá að ég myndi
uppgefast á svo langri leið ef ég færi
hart. Þannig gekk ég áfram langan
tíma. Sólarhitinn varð æ sterkari og
sterkari, svo svitalækirnir runnu ofan
andlitið á mér; sandurinn undir fót-
unum á mér var orðinn heitur svo
mér fannst ég vera á milli tveggja
elda, en samt gekk ég áfram án þess
að stansa, þar til ég var kominn á að
giska uppí mitt fjallið; þar stansaði

og rendi augunum yfir þá leiðina
sem ég var búinn að fara yfir.
Fyrsti áfanginn var grænar brekkur
og einstöku sandhólar sáust standa
upp úr þeim hér og hvar, en þó svo
litlir að ég hafði víðast sneitt fyrir þá.
Hinn áfanginn var allt öðru vísi, eintómar
smá urðir og sandar og allra efst voru
skeiðar farnar að myndast af lágum
og stöllóttum klettabeltum. Þegar ég
var búinn að virða fyrir mér þann
veg sem yfirunninn var rendi ég
augunum uppí fjallið fyrir ofan
mig, yfir þann veg sem ég átti eptir
að yfirbuga. Fyrst fyrir ofan mig
fóru skeiðarnar að myndast fyrir alvöru
– hár sandklettar, gnæfðu við lopt og
djúpar gjár skárust niður á milli þeirra
en svo sýndist mér klettarnir minnka
þegar ofar dróg. Þegar ég hafði virt þetta

fyrir mér stundar korn, leit eg ofaní
hlíðina þar sem eg átti von á félaga
mínum; eg leitaði að honum með
augunum og fann hann loks upp-
undir hálsbrúninni, hann átti ekki
eptir nema spölkorn upp á hálsinn.
Mér varð svo við þessa sýn að eg stökk
af stað og gleymdi hversu illa mér
hafði litist á leiðina – gleymdi líka
verkjunum sem eg var búinn að fá
í knésbæturnar og í stuttu máli,
gleymdi öllu nema því að komast uppá
fjallið áður en dagurinn þryti. Þegar
eg hafði haldið áfram á að giska í
klukkutíma, tók eg eptir því að það
dimmdi allt í einu, eg leit uppí him-
ininn og sá að hann var orðinn alskýjaður
og þoka var að koma í efsta toppinn
á fjallinu. Eg gaf mig ekkert að því
og hélt áfram, ýmist eptir djúpum

gjár á milli klettanna, eða yfir
stórgrýttar urðir á skriðunum. Allt í
einu rak eg fótinn í stóran stein og
datt kylliflatur, eg stóð fljótt upp aptur
og kenndi til undir síðunni sem eg hafði
dottið á, samt stansaði eg lítið og gekk
á stað aptur. — Alltaf dimmdi meir
og meir og alltaf varð vegurinn verri og
verri; afar háir standklettar tóku
við hver af öðrum og varð eg að klifrast
upp á milli þeirra, en þegar upp kom
tóku við stórgrýttar urðir upp að næsta
kletta belti, eg var því ýmist að hrapa
eða detta og í hvert skipti sem eg datt
hruflaði eg mig annaðhvort á höndunum
eða andlitinu; eg fann til sárra sviða
verkja í fótunum svo mér fannst
eg myndi hníga niður í hverju spori
Það var orðið svo dimmt að eg sá ekki
nema nokkur skref framundan mér

Það gjörði rétt í klettana allt í kring
sem sýndist enn tröllauknari í
dimmunni. Eg óskaði af heilum
hug að eg hefði farið að ráðum Karlsins
Eg bölvaði sjálfum mér fyrir fljót
færnina en það var orðið um seinan
að sjá það nú. Eg stóð nokkra stund
undir einum stærsta klettinum og
velti því fyrir mér hvort eg ætti að
halda áfram eða setjast þarna að
og bíða þess að þokan birti. Allt í
einu færðist nýtt líf um mig allann
eg stóð uppi og sagði hátt hátt:
„Áfram skal eg halda á meðan fæturn-
ir ekki stirna og hjartað hættir ekki
að slá, því það er betra að ~~lifa~~
falla með sæmd en lifa við smán.
Eg fór því af stað aptur og klifraði
klett af klett, stalli af stall, ýmist komst
eg nokkur skref áfram eða eg hrapaði

til baka aptur. Hendur mínar voru
orðnar alblóðugar og hruflnar svo eg gat ekki
kreppt þær fyrir sársauka. Jeg hafði hrufl-
að mig líka í tveimur stöðum á andlitinu
og blóðlækirnir voru orðnir frosnir á kinnum
mínum, því veðrið var orðið kalt og kveljandi
Svitalækirnir sem áður runnu um allan
líkama minn voru orðnir að mórauðum
rákum sem hvísluðust saman við blóð
-lækina. Mér fannst eg myndi þá og þá
detta og standa ekki upp aptur, en það
voru þessi orð sem héldu mér á fótunum.
„Sá sem berst með hermanns kjarki og hug,
hans hinsti dagur verður krýndur sigri".
Eg hugsaði mér því að gefast ekki upp
fyr en allur máttur minn væri þrotinn
en hann var nú á förum. Höfuðið fannst
mér vera orðið svo þungt að eg gæti valla
haldið því, en það var aptur eins og fæturnir
væru léttari en áður svo eg mátti taka

á þeim litla kroptum sem eptir voru til þess að missa ekki jafnvægið.
Þannig klifraði eg áfram, án þess að vita hvar eg var staddur — hvort eg átti langt eða skammt eptir að hinu fyrir setta takmarki. Það var komin einhver kyrð á allar mínar hugsanir — einhver kæruleysis ró sem var ekki ósvipuð í eðli sínu helfróinni hjá deiandi manni. Allur kvíði var horfinn og þó mátti eg búast við á hverju augnabliki — að detta og standa ekki upp aptur, en það var einhver ósýnilegur undra kraptur sem hélt mér á fótunum, því ekki fannst mér eg geta haldið höfðinu og þó hangdi það svona hálf máttlaust kyrt. Loks kom eg að afar háum kletti, eg stansaði undir honum, því mér sýndist hann langstærstur. Eg gjörði úti myrkrið en sá ekkert nema klettana háa og

hrikalega sem tóku á sig allra kynlegustu myndir í þokunni. Einn klettur inn sýndist mér líkur mannsandliti sem horfði svo rauna lega á mig, að titringur fór um hverja taug í líkama mínum. Mér fannst þetta myrkur svo kveljandi að eg hefði viljað gefa minn síðasta blóðdropa til þess að birti, en það var ekki til neins að kvarta enginn heyrði það nema klettarnir sem störðu á mig með sínum köldu og óbreitan legu ásjónum. Eg var að hugsa um að leggjast fyrir þarna sem eg stóð en þá heyrði eg allt í einu vængja þyt og sá fugl fljúga nokkur skref frá mér og hverfa uppá klettinn sem eg stóð undir. „Ó! ef eg hefði vængi eins og þú, þá yrði eg ekki lengi að ná takmarki mínu“ hugsaði eg með sjálfum mér og stundi þungan

En þá kom hann aptur og tísti svo
undur fallega rétt hjá mér og hvarf
svo aptur upp af. Hann er sendur
til þess að vísa mér veg" hugsaði eg
og fór að reyna að klifra upp en það
gekk ekki greitt ýmist hafði eg mig
tvö þrjú skref áfram eða eg rann
aptur til baka, þó miðaði mér ofur
lítið áfram og eptir langan tíma
eptir því sem mér fannst gat eg litið
upp fyrir brúnina og sá að eg var
komin upp á fjallið..!! Tilfinningar
mínar voru margvíslegar, þegar eg
settist á einn flatann stein þarna
á fjallsbrúninni. Himininn var nú
aptur orðinn heiður og sólin sendi
mér sína heitu og hressandi miðdags
geisla. Þokan lá að vísu enn þá í
fjallinu framanverðu, en það var
þá dýrðleg sjón að horfa yfir þetta,

mikla þokuhaf sem lá alveg
kyrt eins og sjór í logni. Ó! hvílík
unaðsemd var þetta ekki, að hugsa
til þess að vera búinn að vinna
sigur og ná því takmarki sem
eg hafði ætlað mér. Já þær þrautir
sem eg var búinn að líða, fundust
mér alveg hverfandi, hjá þeirri
sælu sigur tilfinningu sem ríkti
í brjósti mínu. Já það er satt sem
gamli málshátturinn segir: Til
þess að vér getum glatt oss við lífið
verðum við að þekkja hið mótdræga.

// // //

Þó bresti hjálmar brotni sverð,
og blóðgar undir svíði,
við hverja þraut þú hugann herð,
og haltu áfram stríði.
Já höggðu þar til höndin smá
og hjartað ekki bærist.

Það hræðast flestir hetju þá,
sem hopar ei þó særist.

## Kvæði

## Hinn hverfuli ástardraumur

1. Þau sáust fyrst á sumarkvöldi fríðu,
í sænum þegar huldist glóey bjarta
þau höfðust ei en augun snótar blíðu
þá örfum skutu fyrst í sveinsins hjarta.
2. Þau hittust eptir opt á hverjum degi
og ástarguðinn tengdi hjörtun saman
þau sigldu tvö á fögru vonar fleygi
þeim fannst þá lífið vera eintómt gaman.
3. Á kvöldin þegar kaldur norðan vindur
með krapi blés um héruð Íslands
og þá í grárri þoku huldist tindur,
hún þreytti sig hvíldi viður brjóstið hans.
4. Þau sátu þá á sama stólnum bæði,
er sólin lukku glóð í heiði skein
þau töluðu um yndæl ástar kvæði
hve ókkar væri saklaus, blíð og hrein.
5. En þegar kári þagna náði aptur
og þögull máninn lýsti nætur stund
og svefnsins yfir öllu ríkti kraptur
þau úti biðdust þá um fagra grund.
6. Þau stönsuðu hvar steyptist fossinn skýri
og stundi við sem liði harða pín
þau sátu þar — já þar til dauðans hlýri
hin þreyttu hjörtu tók í arma sín.
7. Hann flaug með þau í fagurt skógarrjóður
hvar fram hjá ein sylfur bláa rann
þau settust þar og ortu fagrann óður
um ást og von og helga kærleikann.
8. En þegar glóey gekk frá nætur beði,
og geislum stráði yfir fold og sjá
og saungfuglarnir sungu af hjartans gleði
þau sínum fossi vatkna náði hjá.
9. Þau lifðu þannig lífi elskandanna

sem liljur hvar er þroskast vorsins stund
og þekkta ei til illu skipbrotanna
er ýmsir verða að þola hér á grund.
10. Og tíminn leið þótt langur sýndist vera
og loks þau draumi vakna næði af.
En hver einn verður kross í heimi að bera
með kröptum þeim sem drottinn honum gaf.
11. Þau hlutu nú á hausti þessu að skilja
og hún að flytjast langan veg á ~~burt~~ brautt
þau reyndu sára sorgina að dylja
það sýndist vera allt of mikil þraut.
12. Við fossinn hveldið síðasta þau sátu
er svart bit skýjin þökktu himininn
þau hugsuðu margt en hjalað eigi gátu
og horfðu beint í litla vininn sinn.
13. Sá áður kvað með himin skærum hljómi
um helga ást sem græðir lífa böl
hann drundi nú með köldum rauna rómi
sem værði lítið þeirra sáru kvöl.

Klaufi

# Fyrir spurnir, frá Sigurði Jónssyni, ásamt svörum frá ritstjóranum.

1. Er ekki hægt að haga þannig seglum á „Viljanum“, að hann geti haldið áfram í þíðum og þægilegum mót byr?

Svar: Það ætti að vera alhægt, en þegar hásetarnir hlýða ekki skipunum skipstjórans verður opt ólag á seglunum.

2. Þarf hann að vera marga sólarhringa á bæ?

Svar: Nei, en auðvitað getur það komið fyrir að hann þurfi ögn að bíða ef að sá er ekki viðstaddur sem á að taka á móti honum en það er engin meining í að láta hann bíða í marga sólarhringa, heldur verður sá sem ekki er sama sem viðstaddur þegar Viljinn kemur að bíða með að lesa hann þar til seinna.

3. Er hann að bíða eptir leið?
Svar: Það getur, viljað til með því móti að ófært veður sé, en að öðrum kosti ekki.
4. Þarf maður að sækja hann að næsta bæ?
Svar: Nei, en það er ekkert á móti því að gjöra þeim það til skammar sem láta hann liggja hjá sér að óþörfu.
5. Er ekki hver skyldur að koma honum strax frá sér eptir að búið er að lesa hann?
Svar: Jú, það er enginn efi á því
6. Eða þurfa margar kvöldvökur í skammdeginu til að lesa hann?
Svar: Nei, ekki þurfa þeir þess sem lesir eru og mun því duga ein, því eg get ekki gjört ráð fyrir að lesarinn þurfi að stafa sig áfram eins og krakki sem er að byrja að læra að lesa, flestum mun nægja 1/2 tími til þess.

# Fáein orð til Baldurins.

Í 3. blaði „Viljans“ hefur því þóknast góðurinn minn að gjöra ofur litlar athugasemdir eða aðfinningar um tvö fyrstu númer þessa blaðs, en getur þess um leið að sumum manni finnist það óþarfi og álítur því þar kallgátuna, því hér er strax einn þar sem eg er, sem finnst það hreina og beina óþarfi; Þessar aðfinningar snertu mig að vísu lítið, að undan tekinni því að eg á að heita ritstjóri blaðsins og verð því að rétta því hjálpar hönd ef ráðist er á það, enda skal engum verða það af gott á meðan eg er ritstjóri og get stýrt penna mín um að garði mótstöðu mannsins.
Eg neita því alls ekki að flestar af aðfinningunum þínum séu á rökum

byggðar, en allt fyrir það geta þær
verið óþarfar og skal eg nú leitast við
að sýna þér fram á það. Í fyrsta lagi
með því að finna sífellt að blaðinu
og gjöra lítið úr því, getur farið svo
að það tapi áliti sínu og þar af leið
andi vilji enginn sjá það, það þíðir
sama og að upphvedning sé yfir því
dauða dómur og það er það sem eg
álít skyldu mína að sporna á móti.
Í öðru lagi er það, ef fundið er að
við viðvaninga sem eru að byrja að
skrifa í blaðið, verður það til þess
að annað tveggja hætta þeir alveg, eða
þeir reiðast og leggja út í ritdeilur
Í þriðja lagi getur mér ekki fundist
annað en að það sé óþarfi fyrir okkur
sem skrifum í blaðið að brúka aðfinn
ingar hver við annan, þar að enginn
okkar er svo fær, að ekkert sé hægt að

finna að ritsmíði hans, heldur þvert á
móti og eg er vissum að ekkert hefur
enn verið skrifað í „Viljann" hvorki af
þér né öðrum, sem ekkert sé hægt að
aðfinna að. Það er sjálfsagt að leiðbeina
mönnum ef þeir fara skakkt með eitt
hvað og getur slíkt ekki kallast aðfinn
ingar heldur leiðréttingar og skal eg
sýna hér eitt dæmi: Þú sagðir t. d.
í aðfinningar grein þinni, að það væri
ekki laust við að sumar setningar blönd-
uðust hjá t. d. þá talað væri um fegurð
kvennfólksins; þessi grein var eptir mig
og atla eg því að leiðrétta þetta
Þetta hlýtur að vera alveg skakkt hjá
þér, því eg sagði hvergi í greininni að
kvennfólkið væri ljótt, hefði eg sagt það
var það ekkert annað en háð og þá hefði
aðfinning þín verið rétt; en nú sagði
eg að kvennfólkið væri fallegt og þess

vegna var þad ekki hád og adfinningin
skökk, því eg skil þad ekki ad þú
haldir því fram ad kvennfólkid sé
ljótt og þekki þad ekki til þín.
Jæa Baldvin minn fleira mætti ná
til tína sem skekkju hjá þér, en af
því mér kemur þad ekki beint vid
sleppi eg alveg ad minnast á þad.
Mér finnst ad vid verdum ad gjöra
okkur ánægda med „Viljann“ þótt þad
fagra, sanna og góda fljóti ekki alltaf
ofan á, þad er svo lítid til af því
í heiminum ad þad er ekki vid því
ad búast ad „Viljinn“ sé alfeminn
af því, en vid getum minnað optir
bródurlega kærleikanum og haldid bladinu
í þeirri stefnu. Ad því búnu
enda eg þessar línur og bid þig ad
vida á betra veg. Þinn einlægur vin.
Gísli Björnsson

# Ungi madurinn og vonin.

Hinn ungi vinur sem hefur skrifad
greinina „Vonin“ hér fremst í bladinu
ert víst ekki ad öllum líkindum ad
tala um sjálfann þig, eda ad minnsta
kosti vildi eg ad svo væri, því þad er
sannarlega sorglegt ef ungir og efni
legir menn tapa þeim dýrmæta gejr
sem vonin er, „því vonin líf er verndar engill“ og því fer nú betur ad
fáir tapa henni til fulls, en þótt
hún bregdist manni stundum má
madur ekki láta hugfallast, heldur
á madur ad harna vid hverja þraut
og keppa af alefli ad takmarkinu
„og láta bilja á búki þótt björgin sem
smá drífa fjúki“. Madur getur ekki
búist vid því ad allt gangi manni
ad óskum og þad er sama hvort madur

þér, alltaf verður það mótdraga með
í bland, enda væri lítið varið í lífið
ef maður hitti aldrei það mótdraga
því það kennir manni að meta það góða
og sjá hve mikils virði það er
Það er ekkert óeðlilegt að ungum
manni finnist margt mótkvæft og
mörg vonin bregðast sér þegar hann
byrjar að ganga úti heiminn, því
margt ógeðfellt ber hann á borð fyrir
mann, en þá er besta ráðið að kloppa
í sig kjarki og hrinda frá sér öllu
þess háttar, vera kaldur og þibbinn
fyrir og láta sér standa nokkun
veginn á sama þótt blási á móti
og þótt manni finnist ([?]) vinir sínir
snúa við sér bakinu, þá er ekki að
fást um það, ef það er ekki sjálfum
manni að kenna, því altaf er hægt
að fá sér nýja vini í veröldinni

Nei maður má ekki setja neitt þess
háttar fyrir sig eða láta það festa
rætur í huga ~~sínum~~. Já ungir vinir
rekum allt sem oss finnst þungbært
og særandi úr huga vorum, en látum
þar ríkja logn, frið og ró. Vér elskum
vorn fæðingarstað og ættjörð og við
skulum óhikað stefna að því tak-
marki að vinna henni það gagn
sem vorir litlu kraptar leifa, en
látum engin vonbrigði reka oss
í burtu frá fósturjörðinni, heldur
beitum kjarki og karlmanns stett-
um hug og kringumum okkur eigi
þótt á móti blási.
Já lifum og vonum og lyptum
burt fargi, og látum ekkert yfir
buga oss, heldur yfir stígum allann
mótgang. Áfram og stefnum
beint að markinu og hikum ekki
hið minnsta. Gísli.

# Pétur og Páll (samtal)

Páll. „Heill og sæll vinur og hafðu þökk fyrir síðast.“

Pétur. „Kom þú sæll og gjörðu svo vel og fáðu þér sæti, það er nú langt síðan að mér hefur veitst sú ánægja að fá að sjá þig ~~Pét~~ Páll minn.“

Páll, „Ójá eg hefi nú ekki verið á ferðinni hér um slóðir síðan í fyrra“

Pétur. „Já það mun nú vera satt, en hvað er að frétta?“

Páll. „Eg veist allra frétta enda er eg nú orðinn svo minnis lítill að eg man ekkert þótt eg heyri eitt hvað.“

Pétur. „Já þú ert nú orðinn gamall Páll minn“ Hvað ertu annars gamall?“

Páll. „Ó eg man það nú ekki vel, fyr en eg er búinn að gá að því, bíddu nú við eg var 16 ára þegar eg var fermdur þá fór eg að Krástöðum og passaði þar kýrnar í 10 ár og að þeim liðnum glopraðist eg á Guðrúnu minni nefnil. að eiga hana við bjuggum svo 2 ár á Rófu áður en hann, Tritill minn fæddist og hann var 3ja ára þegar hann beit vörtuna af henni móðir sinni sem hún hafði á miðju enninu, en eptir það bjuggum við á Rófu 6 ár, við misstum þá kúna okkar þessa eina sem við áttum inn um eldhússtrompinn og hún rotaðist á hlóðarsteininum, síðan var eg eitt ár á Holti 2 í Koti og 4 á Melum og að þeim liðnum dreif Karlskrattinn hann Svendur hreppstjóri mig að Holti og þar varð eg að dúsa í 9 ár en í hitti fyrra gjörðist eg lausamaður og hef verið það síðan Af þessu getur þú nú séð Pétur minn hvað eg er gamall.“

Pétur. Já þú ert farinn að eldast kunn-

5

inggi og þad er mikid hvad þú ert enn
enn þá, þú hefur víst haft mikla admá."
Páll. "Ó já lagsmadur eg hef alltaf verid
hraustur og heilsu gódur og stundum
hefur fundist ad eg geta bordad mat
í frekara lagi!"
Petur "Þú hefur víst verid hraustur Páll
minn þegar þú varst uppá þitt
hid besta?"
Páll "Já eg þótti all vel sterkur, þegar
eg var á Hugastödum bar eg útúr
fjósinu undan 10 nautgripum í einu
og kom þeir öllu í stóra stampinn og
bar hann svo í fanginu útá hauginn."
Petur. "Það var hraustlega gjört eda var
þad mesta aflraunin þín?"
Páll "O nei, meira tók eg á þegar eg
sleit halann af Hlídar nautinu
sem var ordid 5 vetra, þad var ad óháda
fyrir mér Keynar og eg ætladi ad draga þad
fram hald sidar.

9

Meining hér er djúp og
dulin, dimmum skuggunum
í: Viljinn kápu hlýjri
hulinn, hlúir vel ad því;
Hvor leidist andans
myrkur, öll sem þyngir
kjör; Íslands sonum
aukist styrkur, eflist von
og fjör.

Vinur ykkar.
(á ferd)

Hér er ekkert djúpt né dulid, dimmum
skugga í, þótt mig kápan hafi hulid,
hlúi eg ei ad því.
Allir hata andans myrkur, er það
lagt í kör, Íslands nidjum aukinn styrkur,
elska líf og fjör.
Viljinn.